

## REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 581/2010

2011/EES/22/02

frá 1. júlí 2010

## um hámarksfrest fyrir niðurhal viðeigandi gagna af skráningarhluta ökurita og af ökumanskortum (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 561/2006 frá 15. mars 2006 um samhæfingu tiltekinna ákvæða félagsmálaggjalafarinnar er varða flutninga á vegum og um breytingu á reglugerðum ráðsins (EBE) nr. 3821/85 og (EB) nr. 2135/98 og niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3820/85<sup>(1)</sup>, einkum 2. mgr. 10. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Nauðsynlegt er að hala gögnum reglulega niður af skráningarhluta ökurita og af ökumanskorti til að gera kleift að hafa skilvirkt eftirlit með því að ökumaðurinn og fyrirtækið fari að ákvæðum um aksturstíma og hvíldartíma eins og mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 561/2006.
- 2) Ákvörðun hámarksfrests fyrir niðurhal viðeigandi gagna af skráningarhluta ökurita eða af ökumanskorti mun skapa samræmdari skilyrði fyrir flutningafyrirtæki á vegum innan Evrópusambandsins en áður var.
- 3) Við ákvörðun hámarksfrests fyrir niðurhal gagna skal aðeins telja daga með skráðum starfsathöfnum.
- 4) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsta miðlun slíkra upplýsinga<sup>(2)</sup> gildir um vinnslu á persónuupplýsingum samkvæmt þessari reglugerð.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar í samræmi við sáttmálana.

Gjört í Brussel 1. júlí 2010.

- 5) Til að draga úr stjórnsýsluálagi á fyrirtæki er við hæfi að skilgreina viðeigandi gögn sem á að hala niður.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 1. mgr. 18. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 3821/85<sup>(3)</sup>.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

1. Í þessari reglugerð er mælt fyrir um hámarksfrest fyrir niðurhal viðeigandi gagna af skráningarhluta ökurita og af ökumanskorti að því er varðar i. lið a-liðar 5. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 561/2006.
2. Í þessari reglugerð merkir „viðeigandi gögn“ hvers konar gögn sem stafræni ökuritinn skráir að undanskildum nákvæmum gögnum um hraða.
3. Hámarksfrestur fyrir niðurhal viðeigandi gagna skal ekki vera lengri en:
  - a) 90 dagar að því er varðar gögn af skráningarhluta ökurita,
  - b) 28 dagar að því er varðar gögn af ökumanskorti.
4. Viðeigandi gögnum skal halað niður þannig að engin gögn glatist.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún gildir frá nitugasta degi eftir birtingu hennar.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

*forseti.*

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjttð. ESB L 168, 2.7.2010, bls. 16. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 16/2011 frá 1. apríl 2011 um breytingu á XIII viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, (biður birtingar).

<sup>(1)</sup> Stjttð. ESB L 102, 11.4.2006, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjttð. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31.

<sup>(3)</sup> Stjttð. EB L 370, 31.12.1985, bls. 8.